Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn
Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökulsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Friða Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Halldór Valdimarsson, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (íþróttir), Skafti Jónsson. Útlitsteiknun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Ágústsson, Elín Ellertsdóttir. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarkir: Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.
Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 5.00. Áskriftargjald á mánuði: kr. 85.00 — Prentun: Blaðaprent h.f.

Erfiðleikar útgerðar og fiskiðnaðar

■ Blöð stjórnarandstöðunnar gera sér nú verulegan mat úr erfiðleikum þeim, sem vissar greinar útgerðarinnar og fiskiðnaðar eiga við að glíma.

Hér skal síður en svo gert lítið úr þessum erfiðleikum. En ekki verður hjá því komizt að benda á, að það er engin nýlunda, að útgerðin og fiskiðnaðurinn berjist í bökkum, eins og stjórnarandstöðublöðin vilja vera láta. Þetta hefur alltaf verið að gerast öðru hverju og ætti flokkunum, sem stóðu að viðreisnarstjórninni á árunum 1959-1971, ekki sízt að vera það minnisstætt.

Ef ritstjórar stjórnarandstöðublaðanna fletta upp í skýrslum frá þessum tíma, munu þeir sannfærast um, að þau voru ekki mörg árin á þessu tímabili, sem útgerðin og fiskvinnslan voru hallalaus.

Enda var líka þannig komið, þegar viðreisnarstjórnin lét af völdum, að togaraflotinn var að hverfa úr sögunni og hraðfrystihúsin víðast hvar í niðurníðslu.

Hin mikla uppbygging skipastólsins og hraðfrystihúsanna hefði ekki komið til sögu, ef ekki hefði verið betur búið að þessum atvinnurekstri á áratugnum 1971-1980 en gert var á áratugnum á undan.

Erfiðleikar þeir, sem vissar greinar útgerðar og fiskiðnaðar búa við nú, stafa af ýmsum ástæðum. Í mörgum samkeppnislöndum okkar njóta þessar atvinnugreinar meiri og minni opinberra styrkja. Gengisþróunin erlendis hefur víða verið óhagstæð, þótt hún hafi veri hagstæð annars staðar.

Þetta og fleira skapar vissan vanda. Mesta orsök erfiðleikanna er þó verðbólgan. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnizt við niðurtalningu hennar á þessu ári, er hún enn alltof mikil. Þess vegna er höfuðnauðsyn, að niðurtalning hennar geti haldið áfram. Þá fyrst verður útgerð og fiskvinnslu tryggður varanlegur rekstrargrundvöllur, þegar það mark hefur náðst, að verðbólgan verði ekki meiri hér en í nágrannalöndunum.

Stjórnarandstöðublöðin ásaka ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki leyst vanda útgerðar og fiskvinnslu til bráðabirgða með gengisfellingu. Hvað oft eru þó stjórnarandstæðingar búnir að benda á það sjálfir að einhliða gengisfelling er engin varanleg lausn, heldur þvert á móti eykur vandann. Það sýnir, að engin heil brú er í málflutningi þeirra, þegar þeir eru að heimta gengisfellingu nú.

Halda menn, að útgerðin og fiskvinnslan stæðu nú betur, ef farið hefði verið eftir þessum ráðleggingum stjórnarandstöðunnar að fella gengið eða láta það síga og verðbólgan væri því komin í 80%, eins og sérfræðingar atvinnurekenda spáðu í fyrra, að hún yrði á þessu ári að öllu óbreyttu?

Viðnámsaðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn verðbólgunni, hafa ótvírætt orðið útgerðinni og fiskvinnslunni til ávinnings. Hitt er rétt, að það þarf meira til, ef heilbrigður rekstrargrundvöllur á að nást.

Þ.Þ.

á vettvangi dagsins


Hvar má skjóta rjúpu og hvar ekki?

Greinargerð frá Landréttarnefnd Skotveiðifélags Íslands

■ Rjúpnaveiðitíminn er í nánd. Vaknar þá sú spurning enn, sem rjúpnaskyttur spyrja sjálfa sig og aðra: Hvar má veiða rjúpu og hvar ekki? Því miður fer því fjarri að reglur séu svo skýrar að unnt sé með vissu að draga glögg mörk í hverju einstöku tilviki milli lendna, sem almenningi er heimilt að veiða á án sérstaks leyfis, og landa þar sem veiðileyfis er þörf. Meginreglurnar eru þó nokkuð ótvíræðar í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966. Í 2. gr. þeirra er kveðið svo á að landeiganda einum — eða ábúanda ef jörð er byggð á leigu — séu heimilar fuglaveiðar í landareign sinni. En hvað er landareign? Um það getur risið ágreiningur í fjölmörgum tilvikum. Eðlilegast virðist að skýra þetta hugtak í umræddum lögum svo að það taki til lands sem lúti fullkomnum einkaeignarrétti. Samkvæmt 2. tl. 5. gr. sömu laga virðist aðalreglan sú að afréttir eru almenningi frjálsir til fuglaveiða. Þar segir: „Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra".

Svo virðist sem sá misskilningur sé nokkuð útbreiddur að það að eiga afrétt heimili landeiganda eða landeigendum að banna mönnum þar fuglaveiði. Afréttareign fylgir einungis ákveðinn takmarkaður afnotaréttur, t.a.m. beitarréttur og veiðiréttur í vötnum og ám, en alls ekki betri réttur til fuglaveiða en íslenskir ríkisborgarar almennt njóta. Á þessum miskilningi kunna í ýmsum tilvikum að hafa byggst auglýsingar landeigenda um bann við rjúpnaveiðum á afréttum þeirra. Hér er þó skylt að taka fram að til kunna að vera einhverjir afréttir í einkaeign, sbr. niðurlag lagaákvæðisins hér að framan.

Í nokkur ár auglýstu Ölfus- og Selvogshreppar rjúpnaveiðibann á afréttum sínum, m.a. á Hellisheiði. Af einhverjum óútskýrðum ástæðum tók lögreglan á Selfossi að sér að framfylgja banninu, m.a. með því að leggja hald á byssur manna sem gengu til veiða á þessa afrétti. Ein rjúpnaskyttan höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í febrúar 1975 (mál nr. 525/1975) gegn fjármálaráðherra, dómsmálaráðherra og ríkissaksóknara fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu bóta vegna þess að hald var lagt á skotvopn hans á Hellisheiði. Veiðimaðurinn vann málið og voru honum dæmdar nokkrar bætur. Dómurinn byggðist á því að stefnandi og



menningarmál

Slöpp Haustsýning hjá FÍM

Kjarvalsstaðir
Haustsýning FÍM 26.9—11.10 '81
Sérstakir gestir: Björg Þorsteinsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Hrólfur Sigurðsson og Ragnar Kjartansson.

Um tilgang haustsýninga FÍM

■ Sú hugsun er áleitin, að haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna þyrfti að vera myndheimur þjóðarinnar í hnotskurn. Með öðrum orðum, að þar gætu menn fengið yfirlit yfir það helsta, sem listamenn hafast að, líkt eins og alþjóðlegar kaupstefnur kynna iðnaðarvörur, munað og nauðsynjar.

En því miður er þessu ekki þannig varið. Auglýst er eftir myndum og ragarar félagsins skoða, velja og hafna, eða vinna sláturstörfin, eins og kunnur listamður orðaði það. Meiriháttar listamenn, hérlendir, hunsa þessa sýningu og hafa gjört það lengi. Og þeir eru býsna margir, sem telja það fyrir neðan sína virðingu að sýna á þessum viðvaningsbasar, sem sýningin er að verða, og að sumu leyti er það skiljanlegt. En það er þó mjög bagalegt, því á slíkum sýningum geta menn stigið feti framar, kynnt tilraunir sínar og áform, og kannað viðbrögð, sem örðugra er að gjöra við aðra hentugleika.

Nú veit ég ekki, hvort hart hefur verið lagt að frægum málurum og myndhöggvurum að senda inn myndir, svo sýningin kafni ekki undir nafni svo að segja árlega. En nóg um það. Þessi sýning endurspeglar ekki það besta sem unnið er í myndlist í landinu um þessar mundir.

HAUSTSÝNING FÍM
KJARVALSSTAÐIR 26.9. - 11.10.81

Að vísu má segja sem svo, að þeim fjórum myndlistarmönnum, sem boðið var sérstaklega til sýningarinnar, takist að bæta nokkuð úr, en það dugar annars skammt. Sýningin er dauf.

Myndirnar

En víkjum nú að myndunum, og þá fyrst að gestunum, sem eiga stóran hlut. Björg Þorsteinsdóttir sýnir myndaröðina Bréf frá Astralíu, en það er myndaröð, unnin með blandaðri tækni, 18